

Jafnlaunastefna Héðins

Jafnlaunastefna Héðins er órjúfanlegur hluti af launastefnu og gildir fyrir yfir alla starfsmenn félagsins. Jafnlaunastefnan skal uppfylla viðeigandi viðmið um jafnlaunastefnur í samræmi við ÍST 85:2012, kafla 4.2. Héðinn fylgir ákvæðum laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki Héðins þau réttindi sem koma fram í 6.gr laganna.

Héðinn greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um menntun/þekkingu, hæfni og ábyrgð. Það er stefna Héðins að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá félaginu. Um skilgreiningu á launum og kjörum vísast til 9. og 10. mgr. 2. gr. laga og 19. gr. fyrrnefndra laga. Héðinn fylgir öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma. Launaákvæðin skulu vera gegnsæjar, málefnalegar og vel rökstuddar.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Héðinn sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85 og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Héðinn hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund, eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Umsjónamaður jafnlaunakerfisins ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Héðins og sér til þess að kerfið sé skjalfest, innleitt og stöðugt uppfært. Allir stjórnendur eru skuldbundnir til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim framvikum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu. Stefnan skal birt á innri og ytri vef Héðins.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að stefnunni sé framfylgt.

Samþykkt á stjórnarfundum þann 07.12.2021



MARÍA Jónsdóttir